

LEIÐBEININGAR UM GREIÐSLU

ERASMUS STARFSMANNASTYRKIR

KA103 (EVRÓPA)

Þegar búið er að skipuleggja ferðina og dagssetningar liggja fyrir skaltu:

1. Senda **mobility agreement** með réttum dagssetningum á móttökuaðila og óska eftir undirritun.
2. Senda mobility agreement *með öllum undirskriftum* til alþjóðaskrifstofu LHÍ ásamt upplýsingum um **fjölda ferðadaga** ef ferðadagar koma til viðbótar við vinnudaga.
3. Prenta út og skrifa undir Erasmus **samning um styrk** (e. grant agreement) – *þennan samning færð þú sendan í tölvupósti þegar skrefi 1 og 2 er lokið.*
4. Senda skannað eintak samnings (3) í tölvupósti til alþjóðaskrifstofu LHÍ.

ATH! Senda skal beiðni um greiðslu áður en farið er í ferð. Að öðrum kosti kann styrkurinn að falla niður.

Algengar spurningar:

Hvenær er greiðsludagur? Erasmus styrkir eru greiddir út 2x í mánuði, annan hvern fimmtudag.

Frumrit? Ekki er óskað eftir frumriti samninga. Þér er því óhætt að flýta fyrir ferlinu með því að senda skönnuð gögn í tölvupósti á milli aðila.

Fjöldi vinnu- og ferðadaga? Mobility agreement á að tilgreina *nákvæman fjölda vinnudaga*. Laugardagur og sunnudagur reiknast ekki með nema þeirra sé getið í vinnuplani í texta samningsins (*detailed programme í mobility agreement*).

-Ferðadagar eru að hámarki 2 (til viðbótar við vinnudaga ef þeir falla utan þess tímabils).

Hver má skrifa undir mobility agreement fyrir hönd móttökustofnunar? Móttökustofnun setur sér reglur um slík mál en alþjóðaskrifstofu LHÍ dugir að samningurinn sé samþykktur af starfsmanni viðkomandi skóla/stofnunar.

Upphæð styrksins? Upphæð styrksins kemur fram í samningi um styrk. Einnig er hægt að finna töflu á heimasíðu LHÍ (undir alþjóðlegt samstarf – styrkir) sem sýnir upphæð styrkja eftir löndum: <http://www.lhi.is/styrkir>

Skattskyldur? Erasmus+ kennara og starfsmannaskiptastyrkir eru skattskyldir og því forskráðir á skattframtal styrkþega. Styrkir greiddir út á árinu 2019 munu því birtast á skattframtali 2020. Rannís sendir út leiðbeiningar á styrkþega um hvernig telja á fram kostnað á móti. Æskilegt er að styrkþegar haldi sjálfir vel utan um kostnað ferða og geymi kvittanir.
